

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Hlíðahverfis, suðurhluta.*

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 19. ágúst 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir Hlíðahverfi, suðurhluta.

Breytingin nær til lóðarinnar Höfðahlíðar 2 og felur í sér að heimilt verður að reisa þar íbúðarhús með allt að fjórum íbúðum í stað tveggja íbúða áður. Nýtingarhlutfall er aukið úr 0,45 í 0,60 og byggingarreitur stækkaður til samræmis við aukið byggingarmagn. Heimilt er að koma fyrir allt að fjórum bílastæðum innan lóðarinnar með tengingu frá Skarðshlíð og byggja allt að 2 m breiðar svalir út fyrir byggingarreit.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 27. september 2021,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2021